Nd. 435. Nefndarálit

um frumvarp til laga nm samþykkt á landsreikningnum 1928.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið frv. saman við landsreikninginn og ekkert fundið við hann að athuga reikningslega.

Tekjur og gjöld hafa hvorttveggja farið mikið fram úr áætlun.

Tekjnafgangur samkv. reikningnnm er kr. 1078533.52.

Um athngasemdir endurskoðenda og tillögur til reikuingsúrskurðar teknr nefndin fram, að hún er þeim samþykk í höfnðatriðum.

Að því er athugasemd endurskoðenda undir 3. lið snertir, um ósamræmið milli reikninga Landsbankans og ríkissjóðs, sem endurskoðendur hafa skotið til úrskurðar Alþingis, með því að þeir töldu svör stjórnarinnar ekki fullnægjandi, vill nefndin taka fram það, sem hér segir:

Í landsreikningunum er talið til eignar kr. 1500000.00 innskotsfé ríkissjóðs í Landsbankann, samkv. l. nr. 50 1913. Þessa upphæð hefir Landsbankinn nú afskrifað. Virðist nefndinni því ekki rétt að telja þessa upphæð, eins og stendur, með eignum ríkissjóðs, en viðurkennir hinsvegar, að líkur séu til, að Landsbankinn muni af aflafé sínu geta safnað þessu stofnfé, og þykir því rétt, að krafan um þessa upphæð sé færð innanstriks í skýrslunni um eignir og skuldir ríkissjóðs og sé ekki talin sem eign á annan eða meiri hátt en reikningar Landsbankans bera með sér, að til sé fyrir þessari kröfu á hverjum tíma, sbr. aths. landsbankanefndar við reikning 1928, sem er prentaður undir 3. lið í svari ríkisstjórnar.

Telur nefndin, að við svo búið megi standa að þessu sinni, en framvegis beri að fara eftir tillögum nefndarinnar um færslu á þessum lið reikningsins.

Nefndin vill að lokum benda á, að í skýrslu um eignir og skuldir ríkisins 31. des. 1928 er undir 13. lið skuldamegin enska lánið 1921, £ 119582-4-6, talið í íslenzkum kr. 2523184.95, og er þá pundið reiknað á kr. 21.10. Þar sem gengið hefir staðið svo lengi fast, virðist rétt að reikna með núverandi gengi, kr. 22.15, og vill nefndin benda á, að framvegis verði hið raunverulega verð pundsins lagt til grundvallar við færslu þessa liðs.

Alþingi, 4. apríl 1930.

H. Stefánsson, form.,	Ólafur Thors.	Sig. Eggerz, frsm.	Héðinn Valdimarsson.
með fyrirvara.			